**Listahátíð í Reykjavík**

# SAMKEPPNI
# UM GERÐ VIÐURKENNINGARGRIPS
# FYRIR LISTAHÁTÍÐ 1988

Listahátíð í Reykjavík býður til opinnar samkeppni um varanlegt listaverk í samræmi við eftirfarandi lýsingu og skilmála:

## KEPPNISLÝSING OG SKILMÁLAR

1. **Verkefnið**

Gera skal tillögu að varanlegu listaverki, skúlptúr/höggmynd, 25-40 cm að hæð og að hámarki 40 cm í þvermál, sem hentað gæti til verðlauna/viðurkenningar á Listahátíð 1988. Ennfremur verði það nothæft sem einkenni hátíðarinnar á plakötum, efnisskrám og til annarrar notkunar sem framkvæmdastjórn Listahátíðarinnar kann að ákveða. Listahátíð áskilur sér rétt til að fjölfalda verðlaunaverkið í 3-5 eintökum og hugsanlega stækka það til staðsetningar utan dyra eða innanhúss.

2. **Þátttökuheimild**

Öllum íslenskum listamönnum er heimil þátttaka í samkeppni þessari. Þeim er að keppninni standa eða sitja í dómnefnd er óheimilt að taka þátt í henni eða aðstoða þátttakendur.

3. **Verðlaun**

Veitt verða ein verðlaun, að fjárhæð kr. 250.000,-. Nathan & Olsen hf., Ármúla 8, Reykjavík, hefur af miklu örlæti ákveðið að leggja fram verðlaunaféð. Minnist fyrirtækið 75 ára afmælis síns með þessu framlagi til Listahátíðar.

Dómnefndin áskilur sér ennfremur rétt til innkaupa á tillögum með rétti til fjölföldunar og sölu, eftir því sem hún telur æskilegt, og má verja í því skyni allt að kr. 150.000,-, sbr.12. gr.

4. **Afhending keppnislýsingar og skilmála**

Gögn varðandi samkeppnina verða afhent hjá trúnaðarmanni dómnefndar gegn Kr. 500.- skilatryggingu. Skilatrygging verður ekki endurgreidd eftir skiladag 6. ágúst 1987.

5. **Fyrirspurnir**

Fyrirspurnir má aðeins senda trúnaðarmanni dómnefndar.

Allar fyrirspurnir skulu vera skriflegar og hafa borist trúnaðarmanni eigi síðar en 31. maí 1987. Trúnaðarmaður mun senda öllum þátttakendum skriflegt yfirlit yfir þær spurningar, sem berast, ásamt svörum dómnefndar fyrir 1. júní 1987.

6. **Tillögur**

Afhenda skal líkan af listaverkinu í fullri stærð, þ.e. hæð 25-40 cm, þvermál 40 cm að hámarki, er sýni hvernig verkið lítur út. Þá skal einnig afhenda stutta greinargerð um uppbyggingu verksins, efnisval og annan frágang. Greinargerðin og annar texti skal vera vélritaður eða ritaður á annan ópersónulegan hátt og afhendast í 6 eintökum, þar af 1 límt á spjald í pappírsstærð A-3. Dómnefnd fer fram á, að umfang allra uppdrátta, ef um þá er að ræða, verði ekki meira en svo að hver tillaga þeki veggflöt sem er 0,5 metrar á hæð og 1,4 metrar að lengd.

7. **Merking og afhending keppnistillagna**

A. Auðkenna skal líkan og önnur tillögugögn með 5 stafa einkennistölu í reit í hægra horni að neðan. Ógagnsætt umslag, merkt sömu einkennistölu, fylgi tillögunni, en í því sé nafn og heimilisfang tillöguhöfundar eða höfunda.

B. Umbúðir um tillögu skulu merktar á sama hátt og tillaga.

C. Tillögur skal afhenda trúnaðarmanni, Ólafi Jenssyni, í Byggingaþjónustunni, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, eigi síðar en 6. ágúst 1987, kl. 18:00 að íslenskum tíma.

D. Tillaga telst afhent, sé hún með réttu nafni og heimilisfangi trúnaðarmanns og hafi henni verið veitt móttaka í póst- eða flugafgreiðslu fyrir lok afhendingartímans, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi póst- eða afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns.
Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en sjö dögum eftir að skilafresti lýkur. Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merkta einkennistölu tillögunnar.

E. Sérhver tillaga verður brunatryggð á kr. 75.000,- meðan hún er í vörslu dómnefndar, enda haldi listamaður sjálfur eftir afriti af uppdráttum og greinargerð.

F. Ófrávíkjanlegt skilyrði þess, að tillögum sé veitt móttaka og þær dæmdar, er að þeim sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt.

8. **Dómnefnd**

Í dómnefnd eiga sæti;
Jón Þórarinsson, formaður framkvæmdastjórnar Listahátíðar, formaður. Til vara Valur Valsson, varaformaður framkvæmdastjórnar.
Bera Nordal, listfræðingur. Til vara Þorgeir Ólafsson.
Jón Gunnar Árnason, myndhöggvari. Til vara Valgerður Bergsdóttir, myndlistarmaður.
Dómnefndin áætlar að ljúka störfum fyrir 10. september 1987.

9. **Sýning**

Haldin verður, í tengslum við Kvikmyndahátíð Listahátíðar 19. - 27. september 1987, sýning á öllum tillögunum.
Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni.

10. **Úrslit**

Sigurvegara keppninnar verður tilkynnt um úrslitin við opnun sýningar.

11. **Endursending tillagna**

Höfundar tillagna, sem hvorki hljóta verðlaun né innkaup, sækja tillögur sínar til trúnaðarmanns strax að sýningu lokinni.

12. **Úrvinnsla**

Frummynd verðlaunaverks er eign útbjóðanda, sem stefnir að því að fela verðlaunahafa fullvinnslu verksins til fjölföldunar, ef um þóknun og framkvæmd verksins semst.
Höfundi er óheimilt að selja eða afhenda öðrum verðlaunahugmyndina.
Komi í ljós, að verðlaunahafi hefur ekki tök á að útfæra verkið, ber honum að velja, í samráði við útbjóðanda og dómnefnd, annan aðila sér til aðstoðar.
Ennfremur áskilur Listahátíð sér rétt til að nota verkið sem tákn Listahátíðar, t.d. á plaköt eða annan þann hátt sem framkvæmdastjórn ákveður, án frekari þóknunar.
Reglur þessarar greinar gilda, eftir því sem við getur átt, einnig um þau verk sem keypt kunna að verða, sbr. 3. gr.

13. **Réttindi og skyldur**

Varðandi réttindi og skyldur þátttakenda, dómnefndar og útbjóðanda, umfram það sem hér er skráð að framan, skal taka mið af samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands, þar sem þær eiga við.

Reykjavík, 14. apríl 1987.

**Dómnefnd**

Jón Þórarinsson, formaður.

Bera Nordal, listfræðingur.

Valgerður Bergsdóttir, myndlistamaður

Ólafur Jensson, trúnaðarmaður